

Afkoma ríkissjóðs janúar– október 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Við samanburð á afkomu ríkissjóðs fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörin er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuyfirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisyfirlitum. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri og því ekki samanburðarhæf við fyrri ár. Skatttekjur ríkisins eru hins vegar gerðar upp með sambærilegum hætti og áður.

Greiðsluafkoma. Samkvæmt októberuppgjöri reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 2,8 milljarða króna sem er 16,3 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun gerði ráð fyrir um 13,9 milljarða króna lakari stöðu. Skýringin er sú að tekjur hækka um 12,7 milljarða umfram hækkun gjalda. Hreyfingar á viðskiptareikningum reyndust 1,1 milljarði hagstæðari en gert var ráð fyrir.

Tekjur. Heildartekjur ríkissjóðs námu 228,7 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins og hækkuðu um 17,2 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 8,1%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs 212,7 milljörðum króna og aðrar rekstrartekjur 15,7 milljörðum króna. Hækkun skatttekna frá fyrra ári nam 14,9% sem jafngildir 11,6% raunhækkun. Skattar á tekjur og hagnað námu 66,9 milljörðum króna og hækkuðu um 11 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar af hækkaði tekjuskattur einstaklinga um 5,5, milljarða, tekjuskattur lögaðila um 4,2 milljarða og fjármagnstekjuskattur um 1,3 milljarða króna. Innheimta tryggingagjalda nam 22,7 milljörðum króna sem er 10,3% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,5% á þessu tímabili og almennt verðlag um 3%. Innheimta eignaskatta jókst einnig frá síðasta ári eða um 25,9% sem jafngildir 22,2% raunhækkun. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti jukust um 8,8 milljarða króna frá sama tíma í fyrra sem jafngildir 9,7% raunhækkun. Innheimta annarra skatta á vöru og þjónustu jókst einnig eða um 8,6% að raungildi. Þetta endurspeglar áframhaldandi aukin umsvif í efnahagslífinu, einkum í neysluútgjöldum heimilanna.

Gjöld. Útgreiðslur fyrstu tíu mánuði ársins nema 233,3 milljörðum króna og hækka um 14,6 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 9,6 milljörðum króna, eða rúmlega 4%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leiti fram í félagsmálum, eða 11,6 milljarðar. Undir þann málaflokk falla nær ⅓ hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 4,1 milljarð, hækkun almannatrygginga nemur 2,7 milljörðum og 2,3 milljarðar eru vegna fræðslumála. Hækkun til atvinnumála, 2,5 milljarðar króna skýrist að mestu leiti af hækkun framlaga til vegagerðar. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 1 milljarð milli ára. Í heild eru greiðslurnar 1,5 milljörðum umfram áætlun fjárlaga að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu 2003. Þar vegur þyngst að greiðslur til almannatrygginga eru 3,4 milljörðum umfram áætlun. Greiðslur til heilbrigðismála eru 1,6 milljörðum umfram áætlun fjárlaga. Útgjöld til samgöngumála eru 2,1 milljarði innan áætlunar þegar ónýttum heimildum fyrra árs er bætt við fjárlagaáætlun. Önnur frávík eru minni.

Lánamál. Lántökur námu 30,4 milljörðum króna en afborganir voru 30,9 milljarðar. Þá voru greiddir 6,3 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 0,3 milljarða á fyrstu tíu mánuðum ársins.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-október
(í milljónum króna)

	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Innheimtar tekjur.....	168.973	181.447	190.965	211.559	228.745
Greidd gjöld.....	158.594	182.678	202.110	218.708	233.304
Tekjujöfnuður.....	10.379	-1.229	-11.145	-7.149	-4.558
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	0	-3	-3.252	-12.013	0
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-782	-2.167	-2.136	23	1.710
Handbært fé frá rekstri.....	9.597	-3.399	-16.533	-19.139	-2.848
Fjármunahreyfingar.....	287	1.284	9.188	20.614	9.273
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	9.884	-2.115	-7.345	1.476	6.425
Afborganir lána.....	-34.115	-22.294	-28.558	-30.654	-30.856
Innanlands.....	-20.582	-7.490	-10.598	-18.204	-5.678
Erlendis.....	-13.534	-14.804	-17.960	-12.450	-25.178
Greiðslur til LSR og LH.....	-5.000	-11.250	-7.500	-6.250	-6.250
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-29.232	-35.659	-43.403	-35.428	-30.680
Lántökur.....	28.710	64.106	43.465	27.439	30.408

Innanlands.....	6.969	12.282	11.368	22.225	13.136
Erlendis.....	21.741	51.824	32.097	5.214	17.272
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-522	28.447	62	-7.989	-272

Tekjur ríkissjóðs janúar-október
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Skatttekjur í heild.....	174.113	185.079	212.683	7,3	3,3	6,3	14,9
Skattar á tekjur og hagnað.....	54.507	55.853	66.918	21,2	2,1	2,5	19,8
Tekjuskattur einstaklinga.....	42.298	44.434	49.957	17,2	7,9	5,0	12,4
Tekjuskattur lögaðila.....	4.685	3.363	7.600	35,9	-40,4	-28,2	126,0
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	7.524	8.056	9.361	31,3	18,7	7,1	16,2
Tryggingagjöld.....	18.646	20.586	22.705	11,4	7,6	10,4	10,3
Eignarskattar.....	8.452	7.107	8.945	9,8	0,4	-15,9	25,9
Skattar á vöru og þjónustu.....	91.994	100.998	113.759	-0,5	3,4	9,8	12,6
Virðisaukaskattur.....	61.558	67.255	76.016	0,7	5,6	9,3	13,0
Aðrir óbeinir skattar.....	30.436	33.743	37.743	-2,6	-0,8	10,9	11,9
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.402	3.718	5.095	-40,8	-8,0	54,8	37,0
Vörugjöld af bensíni.....	6.275	6.388	7.135	-2,6	-0,3	1,8	11,7
Þungaskattur.....	3.829	3.958	4.664	8,0	-3,1	3,4	17,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	7.033	8.178	8.429	-1,7	0,1	16,3	3,1
Annað.....	10.897	11.501	17.006	9,8	0,9	5,5	47,9
Aðrir skattar.....	514	536	357	13,1	6,4	4,3	-33,4
Aðrar tekjur.....	16.852	26.480	16.062	8,6	31,5	57,1	-39,3
Tekjur alls.....	190.965	211.559	228.745	7,4	5,2	10,8	8,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-október
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Almenn mál.....	22,049	22,534	24,161	4,7	18,0	2,2	7,2
Almenn opinber mál.....	12,346	12,409	13,152	6,7	15,5	0,5	6,0
Löggæsla og öryggismál.....	9,703	10,124	11,009	2,0	21,2	4,3	8,7
Félagsmál.....	124,260	140,042	151,655	15,9	12,4	12,7	8,3
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	26,373	28,545	32,537	15,2	11,9	8,2	14,0
Heilbrigðismál.....	51,434	57,638	61,760	12,2	13,7	12,1	7,2
Almannatryggingamál.....	39,134	45,731	48,403	21,4	11,0	16,9	5,8
Atvinnumál.....	30,143	33,197	35,647	16,9	3,7	10,1	7,4
Þar af: Landbúnaðarmál.....	9,118	9,280	9,535	22,5	4,1	1,8	2,7
Samgöngumál.....	13,555	15,852	17,428	14,4	4,2	16,9	9,9
Vaxtagreiðslur.....	16,969	12,895	11,863	8,3	6,7	-24,0	-8,0
Aðrar greiðslur.....	8,689	10,041	9,978	46,3	3,2	15,6	-0,6
Greiðslur alls.....	202,110	218,708	233,304	15,2	10,6	8,2	6,7